

# 85. stjórnarfundur Bergrisans bs.

19.5.2025

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

**Fundinn sátu:** Bragi Bjarnason, Sandra Sigurðardóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Elliði Vignisson og Ása Valdís Árnadóttir.

Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Gestur undir fyrsta lið var Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf.

## Dagskrá

### 1. Skaftholt

Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf fór yfir úttekt á Skaftholti. Stjórn þakkar HLH ráðgjöf fyrir þeirra vinnu og felur starfsfólki Bergrisans að funda með stjórn Skaftholts til að fara yfir málið.

### 2. Uppbyggingaráætlun um húsnæði á starfssvæði Bergrisans

Til að mæta húsnæðisþörfum fatlaðs fólks á starfssvæði Bergrisans bs. hefur verið þróuð áfangaskipt uppbyggingaráætlun sem nær yfir tíu ára tímabil frá 2025 til og með 2034. Verkefnastjóri kynnti áætlunina sem byggir meðal annars á greiningu á núverandi biðlista og íbúðapróun á svæðinu og var unnin í samvinnu við helstu haghafa. Heildarfjöldi íbúða í öllum áföngum er áætlaður 42, þar af 30 með sólarhringsþjónustu og 12 með stuðningi.

Jafnframt var upplýst að í samstarfi við Brák íbúðafélag er undirbúningur hafinn að uppbyggingu búsetukjarna á Hvolsvelli og er áætlað að hann verði tilbúinn í árslok 2026.

Stjórn samþykkir áætlunina og felur starfsfólki Bergrisans að hefja viðræður við þau þjónustusvæði sem koma til greina fyrir næsta búsetukjarna á eftir Hvolsvelli skv. stöðu á biðlista.

### 3. Önnur mál

Næsti fundur var áætlaður 16. júní en vegna sumarleyfa verður hann 23. júní.

Fundi slitið klukkan 14:30.

# Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir

Bragi Bjarnason

Eggert Valur Guðmundsson